

Miðvikudaginn 19. janúar 1972.

Nr. 149/1970. **Daníel Þórhallsson**

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)

gegn

**Jóni Sveinssyni, Kristni Konráðssyni,
Hinriki Aðalsteinssyni, Júlíusi Þorkelssyni,
Sverri Ólasyni og Hersteini Karlssyni og
gagnsök (Skúli J. Pálmason hrl.).**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skipsleiga. Samningar. Opinber styrkur.

Dómur Hæstaréttar.

Eliás I. Eliasson, bæjarfógeti á Siglufirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. ágúst 1970 og krafizt sýknu af kröfum gagn-áfrýjenda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 26. febrúar 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. s. m.

Krefjast þeir staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó svo, að þeim verði dæmdur málskostnaður í héraði. Þá krefjast þeir málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi.

Samkvæmt 2. tl. í leigusamningi aðilja um bátinn var leigugjald eftir hann 20% af óskiru aflaverðmæti bátsins, en í 7. tl. samningsins segir m. a.: „Leigusali greiðir vátryggingariðgjöld af skipinu. Allar uppbætur, styrkir, útflutningssjóðsuppbætur eða annað, sem ríkið kann að greiða eða til falla á annan hátt vegna veiða og reksturs skipsins, renna til leigutaka og leigusala í réttu hlutfalli við leiguprósentuna ...“. Frá þessu ákvæði leigusamningsins var engin undantekning gerð nema um endurgreiðslu „frá ríkinu af vátryggingargjöldum“, sem ganga skyldu til leigusala.

Ákvæði 7. tl. samningsins ber að skýra þannig, að gagn-

áfrýjendur eigi rétt til greiðslu úr hendi aðaláfrýjanda, er samsvari 80% af fé því, sem aðaláfrýjanda var úthlutað af Stofnfjár sjóði fiskiskipa samkvæmt lögum nr. 58/1968, enda hafa gagnáfrýjendur galdið aðaláfrýjanda að fullu skipsleiguna samkvæmt 2. tl. samningsins.

Að svo vöxnu máli ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Dæma ber aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 35.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Daníel Þórhallsson, greiði gagnáfrýjendum, Jóni Sveinssyni, Kristni Konráðssyni, Hinriki Aðalsteinssyni, Júlíusi Þorkelssyni, Sverri Ólasyni og Hersteini Karlssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 35.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 22. júlí 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. júní s.l., hafa Jón Sveinsson, Kristinn Konráðsson, Hinrik Aðalsteinsson, Júlíus Þorkelsson, Sverrir Ólason og Hersteinn Karlsson, allir á Siglufirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 10. nóvember 1969, á hendur Daníel Þórhallssyni, Úthlíð 3, Reykjavík, til greiðslu skuldar að upphæð kr. 200.678.56 ásamt 1% vöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð af kr. 159.931.87 frá 15. nóvember 1968 og af kr. 40.746.69 frá 1. janúar 1969 og málskostnaðar samkvæmt lágmarkstaxta L. M. F. Í.

Af hálfu stefnda er krafizt sýknu af öllum kröfum stefnenda í málinu og þeim jafnframt gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu samkvæmt lágmarksgjaldskrá L. M. F. Í.

Málavextir eru þessir:

Með samningi, dags. 1. febrúar 1968, leigðu stefnendur máls þessa af stefnda vélbát hans, m/s Hring, SI 34, til fiskveiða frá Siglufirði, og skyldi leigutímabilið vera 1. febrúar til 31. desember 1968. Leigan var ákveðin 20% af brúttó aflaverðmæti bátsins. Lagt var upp hjá Síldarverksmiðjum ríkisins allan tímann, og héldu þær eftir af kaupverði aflans 20%, er runnu til leigu-

sala, þ. e. stefnda í máli þessu. Í 7. gr. leigusamningsins segir auk þess svo m. a.: „... Allar uppbætur, styrkir, útflutnings-sjóðsuppbætur eða annað, sem ríkið kann að greiða eða til falla á annan hátt vegna veiða og reksturs skipsins, renna til leigutaka og leigusala í réttu hlutfalli við leiguprósentuna, nema endurgreiðsla frá ríkinu af vátryggingargjöldum ganga til leigusala. Greiðslur úr Hlutatryggingarsjóði og fastastyrkur frá Atvinnumálanefnd Norðurlands renna óskertar til leigutaka ...“.

Á árinu 1968 var stofnaður sérstakur sjóður sem deild við Fiskveiðasjóð Íslands með lögum nr. 58 frá 1. maí það ár um Stofnfjárssjóð fiskiskipa með ákveðnu framlagi úr ríkissjóði, og skyldi stjórn Fiskveiðasjóðs að fengnum afla- og aflaverðmætisskýrslum skipta fé Stofnfjárssjóðs milli fiskiskipanna eftir nánar greindum reglum og hlutur hvers skips leggjast inn á reikning þess við Stofnfjárssjóð. Með lögum nr. 79/1968 um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu, frá 31. desember það ár, var m. a. kveðið svo á, að stofnfé Stofnfjárssjóðs, þ. e. framlaginu úr ríkissjóði 1968, bæri að skipta milli fiskiskipa í hlutfalli við aflaverðmæti skipanna frá 1. janúar til 14. nóvember 1968, sbr. 7. gr. laganna. Síðasttöldu lögin lögðu sérstakt gjald, ákveðna prósentu, á afla fiskiskipa, er hér fór á land, eftir nánar greindum reglum, og skyldi það fyrirkomulag gilda frá og með 15. nóvember 1968. Gjaldið, sem fiskkaupendur eða fiskmóttakendur greiddu, rann til Stofnfjárssjóðs og inn á sérreikning þess fiskiskips, er aflaði þess hráefnis, sem gjaldið er greitt af.

Málssókn sína reisa stefnendur á því, að á tímabilinu 1. febrúar til 15. nóvember 1968 hafi útgerð skipsins, þ. e. Hrings, SI 34, hlotið í styrk frá ríkinu, kr. 199.914.84, sem lögum samkvæmt hafi verið lagður inn á reikning skipsins hjá Stofnfjárssjóði fiskiskipa í samræmi við ákvæði laga nr. 58/1968, sbr. lög nr. 79/1968. Og á tímabilinu 15. nóvember til 31. desember 1968 lögðu frystihús inn á sama reikning kr. 50.933.36, sbr. síðasttalin lög. Af báðum þessum fjárhæðum áttu í samræmi við leigusamninginn 80% að renna til stefnenda sem leigutaka skipsins, eða kr. 159.931.87 + kr. 40.746.69, eða samtals kr. 200.678.56. Samkvæmt þessu kröfðu stefnendur stefnda um nefnda fjárhæð með bréfi, dags. 29. júlí f. á., sbr. rskj. nr. 4. Að vísu hafa orðið smærri skekkjur, um kr. 00.80, bæði í fyrrnefndu bréfi svo og í stefnu, en þetta er sú fjárhæð, kr. 200.678.56, er leggja verður til grundvallar. Í bréfinu benda stefnendur á, að þeir eigi ekki kröfu til þessa fjár úr

Stofnfjár sjóði, enda hefði báturinn þá verið seldur og umræddar innstæður hefðu fylgt bátnum við sölu. Stefndi hefði því fengið of mikið greitt við uppgjör leigu vegna bátsins um umrædda fjárhæð í Stofnfjár sjóði. Kröfu þessari vísaði stefndi algerlega á bug.

Nánari rökstuðningur af hálfu stefnenda fyrir kröfum þeirra er á þá leið, að um miðjan janúar 1968 hafi legið fyrir loforð ríkisvaldsins um fjárhagslegan stuðning við alla þá, sem hyggðust gera út báta þá um veturinn, án tillits til þess, hvort væntanlegir útgerðarmenn ættu bátana eða ekki. Hins vegar hafi það ekki virzt almenningi kunnugt þá, þ. e. um miðjan janúar, í hvaða formi framlagið yrði veitt, sem sagt að upphæðin yrði látin renna til sérstakrar deildar Fiskveiðasjóðs inn á lokaðan reikning. Talið er víst, að málsaðiljar hafi, er þeir gerðu leigusamninginn, haft í huga loforð ríkisstjórnarinnar, gefið hálfum mánuði áður, um væntanlegan styrk til útgerðarmanna og í því sambandi bent á áður nefnt orðalag 7. gr. samningsins, er sé einmitt m. a. við þetta miðað. Í bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 58/1968 er að vísu vikið að fiskiskipum í leigu. Samkvæmt því sé þeim, sem hafi skip á leigu hinn 15. janúar 1968, heimilað að lækka leigufjárhæð um upphæð, er jafngildi innstæðu skipsins í Stofnfjár sjóði á hverjum tíma. Í greinargerð komi fram, að við þessa dagsetningu sé miðað, því þá hafi orðið kunnugt um fyrirhugaða greiðslu ríkissjóðs til þorskveiðiflotans. Enn fremur segi í greinargerðinni, að í leigusamningnum, sem gerður hafi verið eftir þann tíma, sé eðlilega tekið tillit til þessara greiðslna. Bráðabirgðaákvæðið sé sett til að tryggja hagsmunum þeirra, sem tekið hafi báta á leigu til útgerðar fyrir 15. janúar 1968, og samkvæmt því renni styrkur ríkisins til þess, sem raunverulega gerði út bátinn, en ekki til skipseiganda. Hins vegar segi ekkert um leigusamninga, sem gerðir eru eftir umræddan tíma, en það hljóti að ráðast af leigusamningunum í hverju tilfelli. Og þegar beinlínis sé minnst á slíkar greiðslur frá ríkinu í sjálfum leigusamningnum, svo sem greinargerð lagafrumvarpsins geri ráð fyrir, og skýrt tekið fram, hvernig skipta skuli slíkum ríkisstyrkjum, geti ekki verið um neinn vafa að ræða.

Þá halda stefnendur því fram, að ákvæði laga nr. 79/1968 um sérstakt gjald, er fiskmóttakendur skyldu greiða til Stofnfjár sjóðs fiskiskipa, væri sett til að tryggja, að lánardrotnar skips-eigenda fengju örugglega afborganir og vexti af lánum til skipanna, en með lögnum hafi ekki verið ætlað til þess, að skips-

eigandi, er leigt hefði skip öðrum, gæti með þessum hætti hagnast á kostnað leigutaka. Í lög nr. 79/1968 hafi verið sett bráðabirgðaákvæði um fiskiskip, sem voru í leigu, er gengisbreytingin var gerð um miðjan nóvember 1968, á þá leið, að hefði leigan verið við það miðuð, að leigutaki greiddi vexti og afborganir af stofnlánum skipsins, skyldi leigufjárhæðin lækka sem samsvaraði greiðslum inn á reikning skipsins hjá Stofnfjársjóði á leigutímanum. Eftir setningu laganna megí ganga út frá því, að tekið hafi verið tillit til greiðslunnar í Stofnfjársjóð, þegar leigufjárhæð var ákveðin. Jafnframt sé bráðabirgðaákvæðinu ætlað að taka af allan vafa um, að skipseigandi eigi ekki að hagnast á óeðlilegan hátt á kostnað leigutaka, þegar leigufjárhæðin byggist á samningi, gerðum fyrir gengisbreytinguna.

Einn stefnenda, Hinrik Aðalsteinsson, hefur skýrt frá því, að búið hafi verið að skrifa töluvert um það í blöðin, að til fiskverðshækkunar þyrfti að koma í ársbyrjun 1968 eða styrkja eða annarrar fyrirgreiðslu af hálfu ríkisins, þótt óljóst væri, hvernig þessu yrði háttað og hvenær til þess kæmi. Með tilliti til þessa var 7. gr. samningsins orðuð á fyrrgreindan veg. Eftir að lögin um Stofnfjársjóð voru staðfest, sneri hann sér til stefnda og bað hann undirrita yfirlýsingu, er hann hafði útbúið og haft meðferðis, á þá leið, að framlag ríkisins í Stofnfjársjóð samkvæmt lögunum skyldi skiptast í sömu hlutföllum og í leigusamningnum segði. Þar sem stefndi taldi málin óljós, ekki lægi ljóst fyrir, hver ætti þetta framlag, og nánari upplýsinga þyrfti að leita um það, vildi hann ekki að svo stöddu skrifa undir yfirlýsinguna.

Stefndi hreyfir því í greinargerð sinni sem sýknuástæðu, að hann sé ekki réttur aðili að máli þessu. Stefnendur krefjast 80% þess fjár, er hann eigi rétt til úr Stofnfjársjóði. Ekki sé hann heimildarmaður að því fé umfram það, sem lögin ákveði. Féð sé undanþegið aðför og óheimilt sé að framselja það. Eigandi fjárins sé Stofnfjársjóður fiskiskipa og hefði því stefnendum borið að beina kröfum sínum í málinu að honum.

Það leiðir af ákvæðum laga nr. 58/1968, að það er skipseigandi einn, er getur átt beinan aðgang að Stofnfjársjóði, að því er varðar innstæður í sjóðnum, og slíkar innstæður eru óframseljanlegar nema sem þáttur í sölu skips, sbr. einkum 10.—12. gr. laganna. Fram hefur komið í málinu, að stefndi hafi selt skip sitt, m/s Hring, SI 34. Með vísan til þessa verður þessi sýknuástæða ekki tekin til greina.

Fyrir sýknukröfum stefnda eru annars færð þau rök, að

skömmu áður en leigusamningurinn hafi verið gerður á milli aðiljanna, hafi fiskverð verið ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins og hafi þá verið tekið fram, að við verðákvörðunina hefði verið tekið tillit til þess, að sérstakar ráðstafanir yrðu gerðar af opinberri hálfu til þess að aðstoða bátaútveginn til greiðslu vaxta og afborgana af stofnlánum, og hafði ríkisstjórnin heitið 124 milljóna króna framlagi til eflingar Fiskveiðasjóði, en versnandi afkoma fiskiskipa á árunum 1966 og 1967 hafi leitt til þess, að greiðslur til sjóðsins hefðu verulega dregizt saman. Var báðum aðiljum málsins ljóst, að fyrrgreind fjárhæð var eingöngu hugsuð sem beint stofnframlag til sérstakrar sjóðsstofnunar til þess að bæta fjárhag Fiskveiðasjóðs og að ráðstöfun þess fjár yrði takmörkuð við greiðslu afborgana og vaxta af stofnlánum skipanna, en á engan hátt bundin rekstri þeirra eða til frjálsrar ráðstöfunar fyrir eigendur eða útgerðarmenn skipanna. Með tilliti til þessa greiddu stefnendur síðan skilvíslega umsamda leigu eftir bátinn á leigutímabilinu í samræmi við leigusamninginn. Krafa stefnenda byggist á 7. gr. leigusamningsins. Svipuð ákvæði eru algeng í leigusamningum, sem gerðir eru til svo langs tíma, svo sem samningur aðiljanna, með sérstöku tilliti til þess, að alls konar ráðstafanir hafa á undanfórnum árum verið gerðar af ríkisvaldinu á ýmsum tímum ársins til styrktar bátaútveginum, og vildu aðiljar með téðu ákvæði kveða skýrt á um það, að ef til slíkra ráðstafana kæmi, sem ekki var vitað um, er leigusamningurinn var gerður, skyldu greiðslur, sem til rekstrar skipsins væru ætlaðar samkvæmt slíkum ráðstöfunum, skiptast á milli aðiljanna í sömu hlutföllum. Það sé því alveg út í hött hjá stefnendum að byggja nú kröfu sína í máli þessu á þessu ákvæði, þar sem leiguprósentan hafi verið ákveðin með hliðsjón af vitneskju aðiljanna um greiðslu ríkisins á 124 milljónum króna til stofnunar sérstaks sjóðs og vitað var, að renna mundu óskertar til eigenda skipanna og ekki yrði ráðstafað á annan hátt en til greiðslu tiltekinna gjalda, þ. e. afborgana og vaxta af stofnlánum skipanna hjá Fiskveiðasjóði, en yrðu á engan hátt til frjálsrar ráðstöfunar fyrir eigendur skipanna. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 58/1968 er heimilt að draga frá leigufjárhæð skips, sem er í leigu hinn 15. janúar 1968, samkvæmt samningi, er gerður var fyrir þann tíma, það fé, sem aflaverðmæti á leigutímanum veitir rétt til úr Stofnfjársjóði. Er þetta ákvæði sett til hagsbóta fyrir leigutaka, sem samþykkt hefur að greiða tiltekna leigu fyrir skip, þegar eigi var vitað

um þær ráðstafanir, sem opinberaðar voru 15. janúar 1968. Ákvæðið veiti hins vegar ekki sams konar heimild fyrir þá, sem geri leigusamninga um skip eftir umræddan tíma, eins og um ræði í þessu tilfelli, og leigusala, er leigi skip eftir þann tíma, sé ekki heimilt að semja svo um, að framlag, sem hann á rétt á úr Stofnfjár sjóði, gangi til annars en þess, er lögin kveða á um, enda sé skipseiganda óheimilt að framselja innstæðu, sem hann kann að eiga rétt til úr Stofnfjár sjóði nema sem þætti í sölu skips.

Lýst hefur nú verið tildrögum málsins og rakið það helzta, er fram hefur komið af hálfu málsaðilja til rökstuðnings kröfum þeirra og máli virðist skipta.

Í málinu er um það deilt, hvort greiðslur inn á reikning m/s Hrings, SI 34, við Stofnfjár sjóð fiskiskipa samkvæmt lögum nr. 58/1968 og lögum nr. 79/1968 leigutímann 1. febrúar til 31. desember 1968 skyldu eftir leigusamningnum skiptast milli leigusala og leigutaka í réttu hlutfalli við leiguprósentuna, eða með öðrum orðum reiknast með í uppgjöri leigunnar.

Báðir aðiljar hafa haldið því fram, að einhverju áður en leigusamningurinn var gerður, hafi það legið fyrir, að sérstakar ráðstafanir yrðu gerðar af opinberri hálfu til styrktar bátaútveginum eða til þess að örva sjósókn. Af hálfu stefnenda hefur verið bent á, að það hafi ekki komið í ljós fyrr en alllöngu síðar, hvernig þessari opinberu aðstoð yrði varið. Því síður hafi það verið vitað, að framlag ríkisins í umræddu skyni yrði lagt inn á lokaðan reikning við Fiskveiðasjóð. M. a. vegna þessarar óvissu hafi 7. gr. samningsins verið orðuð svo sem raun ber vitni. Á hinn bóginn er af stefnda hálfu staðhæft, að allt hafi þetta legið allmiklu ljósar fyrir við samningsgerð og í ljósi þeirrar vitneskju hafi leiguprósentan verið ákveðin.

Í athugasemdum við frumvarp til laga um Stofnfjár sjóð fiskiskipa um ákvæði til bráðabirgða er því slegið föstu, að kunnugt hafi orðið um fyrirhugaða greiðslu ríkissjóðs til þorskveiðiflotans, um leið og fiskverð var ákveðið, eða 15. janúar 1968. Því heimilar bráðabirgðaákvæði laganna, þegar um er að ræða fiskiskip, sem verið hefur í leigu á nefndum tíma, að draga frá leigufjárhæð það fé, sem aflaverðmæti á leigutímanum veitir rétt til úr Stofnfjár sjóði fiskiskipa. Enn fremur segir svo í fyrrnefndum athugasemdum: „Í leigusamningum, sem gerðir hafa verið eftir þann tíma, er eðlilega tekið tillit til þessara greiðslna“.

Líta verður svo á, að samkvæmt ákvæðum 7. gr. leigusamn-

ingsins hafi við uppgjör á leigunni borið að skipta milli leigusala og leigutaka í réttu hlutfalli við leiguprósentuna því fé, sem aflaverðmætið á leigutímanum veitti rétt til úr Stofnfjár-sjóði, enda enginn fyrirvari í samningnum um, að öðru vísi skyldi litið á, sem full ástæða hefði þó verið til, ef sú hefði verið ætlunin.

Eins og áður segir, var Stofnfjár-sjóði fiskiskipa séð fyrir föstum tekjustofni með lögum nr. 79/1968, er auk þess fólu í sér nokkrar breytingar á lögnum um Stofnfjár-sjóð. Lög nr. 79/1968 verða ekki talin fella niður rétt leigutaka samkvæmt leigusamningnum til áðurgreinds hluta af innstæðu skipsins á reikningi í Stofnfjár-sjóði eða útiloka það, að þeirri innstæðu sé skipt milli aðilja í hlutföllum þeim, er samningurinn gerir ráð fyrir, við uppgjör á leigunni.

Samkvæmt þessu verða úrslit málsins þau, að stefnda beri að greiða stefnendum kr. 159.931.87 + kr. 40.746.69, eða samtals kr. 200.678.56, auk 7% ársvaxta af kr. 159.931.87 frá 15. nóvember 1968 til 1. janúar 1969, en af kr. 200.678.56 frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsuppsaga hefur dregið vegna embættisanna dómarsins.

Dómsorð:

Stefndi, Daníel Þórhallsson, greiði stefnendum, Jóni Sveinsyni, Kristni Konráðssyni, Hinriki Aðalsteinssyni, Júlíusi Þorkelssyni, Sverri Ólasyni og Hersteini Karlssyni, kr. 200.678.56 með 7% ársvöxtum af kr. 159.931.87 frá 15. nóvember 1968 til 1. janúar 1969, en af kr. 200.678.56 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.